


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangiheiti - MST 104</b> <b>Námsáætlun - haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

### Áfangalýsing:

Fyrst er farið í mannleg samskipti, hvatningu og hópvinnu. Næst fræðast nemendur um starfsmannahald og starfsmannastjórnun, markaðsmál og stjórnun breytinga. Þá er fjallað um framsal valds og greiningu vandamála, markmið og áætlanagerð og loks um ýmsar kenningar í stjórnun. Við skipulag áfangans er haft í huga aðstæður sem stjórnendur standa frammi fyrir. Ákveðnum verkefnum þarf að skila innan tímamarka, en önnur mega dragast án verulegs skaða og nemendur áfangans geta lesið verkefni hinna, eins og verkefni stjórnenda sem flest eru opin fyrir öðrum.

### Markmið:


Að nemendur fái innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja einkum á sviði starfsmannastjórnunar og verkstjórnar, fái skilning á sjálfum sér sem stjórnanda og búi sig markvisst undir að geta leyst af hendi stjórnunarstörf í iðnfyrirtæki á fagsviði sínu.

### Námsgögn:

Vikulegt lesefni er birt á PDF-formi á kennsluvefnum Moodle.

### Áætlun um yfirferð:

Kennslu vika	Lesefni	Dagar	Síðasti skiladagur
1	Mannleg samskipti	11. september - 17. september	19. september
2	Hvatning	18. september - 24. september	26. september
3	Hópvinna	25. september - 1. október	3. október
4	Starfsmannahald	2. október - 8. október	10. október
5	Starfsmannastjórnun	9. október - 15. október	17. október
6	Markaðsmál	16. október - 22. október	24. október
7	Stjórnun breytinga	23. október - 29. október	31. október
8	Framsal valds	30. október - 5. nóvember	7. nóvember
9	Greining vandamála	6. nóvember - 12. nóvember	14. nóvember
10	Markmið	13. nóvember - 19. nóvember	21. nóvember
11	Áætlanir	20. nóvember - 26. nóvember	28. nóvember
12	Stjórnun - ýmsar kenningar	27. nóvember - 3. desember	5. desember

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Áfangaheiti - MST 104</b>	
	<b>Námsáætlun - haustönn 2016</b>	

### Verkefni:

Vikuleg verkefnaskil á Moodle, spurningar úr lesefninu og hugleiðing um efni vikunnar

### Námsmat og vægi námsþátta:


Metin eru vikuleg verkefnaskil nemenda og svör þeirra við spurningum úr lesefninu. Einkunnir eru gefnar í tölustöfum (heilum tölum 0-10). Kennarinn metur verkefni nemenda í hverri viku en tölvukerfið reiknar og birtir einkunnir fyrir spurningar vikunnar. Algengast er að gefin sé einkunnin 8 fyrir verkefni sem þýðir að nemandinn hefur lesið efnið og skrifað um það u. þ. b. 200 orð. Ef nemandinn hefur greinilega lesið viðbótar efni, vitnað í það eða skrifað framúrskarandi hugleiðingu um efni vikunnar er gefin hærrí einkunn, en lægri ef nemandinn hefur ekki lagt sig fram við verkefnavinnuna og t.d. ekki vandað málfar og stafsetningu. Ef skilað er eftir að síðasti skiladagur er liðinn, þá er gefin lægri einkunn, nema nemandinn hafi fengið frest á verkefnaskilum.

Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni sem skilað er meira en tveimur vikum eftir síðasta skiladag.

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Vikuleg verkefnaskil	Tólf verkefni. Nemendur rita hugleiðingu um lesefni hverrar viku og mega gjarnan vitna í annað lesefni (um sama efni) heldur en það sem birt er á kennsluvefnum.		20%
Vikuleg kaflapróf	Tólf kaflapróf verða á önninni. Krossapróf á Moodle, eyðufyllingar eða textaspurningar.		14%
Skipulag og reglusemi	Einkunnin byggist á því hvort nemandinn skráir sig strax inn í áfangann á Moodle, kynnir sig, birtir af sér mynd, heldur tölvukerfinu sínu í lagi o. fl. þess háttar.		6%
Lokapróf	Skriflegt próf úr efni annarinnar.		60%
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>
<b>Annað: -</b>			

### Ábyrgð nemenda:

Nemandi í MST104 ber sjálfur ábyrgð á því að tölvukerfið hans sé í það góðu lagi að hann geti lesið námsefnið sem birt er á Moodle, tekið þátt í umræðum og svarað spurningum úr námsefninu í hverri viku.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangaheiti - MST 104</b> <b>Námsáætlun - haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

### Frestun verkefnaskila:

Nemendur geta fengið frest tvisvar sinnum í 1-3 daga fram yfir síðasta skiladag ef illa stendur á hjá þeim. Til að fá frest á verkefnaskilum án lækkunar í einkunn þurfa nemendur að senda kennaranum bréf um það, áður en skilafrestur er liðinn og tilgreina ástæðu fyrir því að þeir geta ekki skilað á réttum tíma.

Þegar tvær vikur eru liðnar frá síðasta skiladegi hvernar viku er endanlega lokað fyrir verkefnaskil nemenda.

### Verkefnaskil, málfar og stafsetning:

Opnað verður fyrir verkefnaskil hvernar viku á fimmtudeginum í vikunni á undan og síðasti skiladagur er á næsta mánudegi eftir kennsluvikuna.

Ætlast er til þess að nemendur skili öllum tólf verkefnum annarinnar en ef nemendur skila þeim ekki öllum þá lækkar annareinkunnin.


Í vikulegum verkefnum nemenda er gerð krafa um gott málfar og stafsetningu. Nemendur eru beðnir að vanda bæði stafsetningu og málfar, lesa verkefnið sitt vandlega yfir áður en það er sett á vefinn og leiðrétt allar villur. Þetta atriði er liður í því að búa verðandi stjórnendur undir það að standa frammi fyrir hópi manna og flytja mál sitt á þann hátt að mark verði tekið á því. Það er miklu meira mark tekið á stjórnanda sem talar og skrifar lýtalaust mál heldur en þeim stjórnanda sem lætur frá sér efni sem er uppfyllt af ambögum og klaufalegum villum.

Í hverri viku eru spurningar (próf) í Moodle sem nemendur eiga að svara. Þessar spurningar eru flestar úr námsefni vikunnar en einnig er spurt úr atriðum í kennsluáætluninni og ef til vill ýmsu sem er að gerast eða hefur gerst í þjóðfélaginu. Þessar spurningar eru opnar til loka annarinnar og geta nemendur farið í prófið og svarað allt að fjórum sinnum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

8/9 2016



  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils